

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Mars 2008

Þvottabrettin úr sögunni



Í sumar hefjast framkvæmdir við Suðurstrandarveg sem liggur frá Grindavík til Þorlákshafnar. Vegurinn fer ansi nærri suðvestur strönd Hlíðarvatns í Selvogi eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. En hvaða áhrif skyldi lagning vegarins hafa fyrir veiðimenn sem stunda vatnið? Árni Árnason, formaður Stakkavíkurfélagsins, svaraði þessari spurningu og fleirum í Flugufréttum 14. mars. Viðtalið er birt með góðfúslegu leyfi ritstjóra veiðivefjarins www.flugur.is.

„Ég reikna með því að Suðurstrandarvegur verði veiðimönnum við Hlíðarvatn fagnaðarefni. Vegurinn mun liggja um Víðisand og verður smíðuð brú við Vogsósa. Þetta er besta vegarstæðið að mínu mati frá sjónarhóli veiðimanna. Eins og margir vita var svo komið fyrir nokkrum árum að menn óttuðust að sjór bryti sér leið inn í Hlíðarvatn eins og gerðist í Herðisarvík. Lagði Stangveiðifélagið Stakkavík í það mikla vinnu og töluvert fé að treysta

varnir á Víðisandi gegn því. Lega vegarins um sandinn ætti enn frekar að treysta eiðið þannig að sjór ná ekki að brjóta sér leið inn í vatnið,“ svarar Árni.

En verður ekki leiðin að vatninu orðin óhóflega greið og það komið í algjöra alfaraleið?

„Þvert á móti því að það veitti ekki af því að bæta aðkomuna því núverandi vegur að Hlíðarvatni hefur oft verið illökufær. Sérstaklega var hann slæmur síðastliðið sumar, nánast samfellt þvottabretti í báðar áttir frá vatninu. Ég veit ekki hvort kunnáttu við heflun malarvega hefur hrakað, en ég gæti trúað að slæmt ástand vegarins dragi úr mönnum kjark að aka hann. Nýr vegur ætti þess vegna að vera mikil samgöngubót fyrir veiðimenn. Ég óttast ekki svo mjög ónæði af aukinni umferð annarra. Vegarstæðið er vel valið að því leyti á sandinum, en malarvegurinn í kringum vatnið verður sennilega aðallega notaður af veiði-

mönnum. Nú er þarna töluvert umferð langferðabifreiða á sumrin.“

Það mætti líka spyrja sig hvort nýi vegurinn hafi einhver áhrif á lífríkið í og við vatnið. Hverju svarar þú því?

„Ég fæ ekki séð að vegurinn muni hafa nein skaðleg áhrif á lífríkið í vatninu og umhverfis það. Það verður einungis til bóta að losna við mestallt rykið sem fýkur úr veginum vegna umferðarinnar.

Við munum eiga fund með Vegagerðinni í næstu viku, fulltrúar veiðifélaganna við vatnið, en til stendur að lagning vegarins fari í útboð í apríl. Munum við fara yfir hvar og hvernig best verður að tengja akstur að vatninu vestanverðu við nýja veginn. Þessi hluti Hlíðarvatns hefur orðið nokkuð útundan í veiði. Bættar samgöngur gætu breytt því,“ sagði Árni Árnason og bætti því við að framkvæmdir hefjist aldrei fyrr en í júlí í sumar og óvíst sé hvenær þeim ljúki. Það gæti hugsanlega orðið árið 2010 eða 2011.

Stjórnartíðindi



Stjórn Ármanna 2007-2008:

Efri röð frá vinstri: Guðmundur Haukur Jónsson, Hilmar Finnsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson og Ragnar Björgvinsson. Neðri frá vinstri: Sveinn Agnarsson, Örn Daníelsson og Baldur Sigurðsson.

1. Skírteini og veiðileyfi

Nú styttist í upphaf veiðitímabilsins og þá er eins gott að hafa bæði félagsskírteini og veiðileyfi til reiðu. Sumir félagar eiga enn eftir að fá skírteini sín fyrir árið í ár og eru þeir hinir sömu beðnir að senda stjórn tölvupóst (armenn@armenn.is) og láta vita. Nokkrir hafa einnig ekki fengið í hendur kvittun fyrir greiddum veiðileyfum og ættu þeir einnig að hafa samband við stjórn.

2. Bókhald og veiðileyfi

Nú í vor taka Ármenn í notkun nýtt bókhaldskerfi, DK-kerfið, sem leysir af hólmi eldri kerfi félagsins. Með hinu nýja kerfi verður hægt að halda enn betur utan um starfsemi félagsins, bæði bókhald og félagaskrá, og fá gleggri upplýsingar um stöðu þess hverju sinni.

Þá hefur stjórn ákveðið að hafa samstarf við önnur smærri veiðifélög um sameiginlega sölu veiðileyfa á vefnum. Þetta mun eingöngu gilda um þau veiðileyfi sem ekki ganga út hjá Ármönnum, enda er dýrt fyrir lítið félag að sitja uppi með óseld leyfi. Nánar verður skýrt frá þessu máli síðar.

3. Fluguhnýtingarkeppni

Landsamband veiðifélaga (LS) stendur fyrir fluguhnýtingakeppni nú í vor en Ármenn hafa ákveðið að taka ekki þátt í keppninni þetta árið þar sem fyrirvari þykir of skammur. Hins vegar vilja Ármenn vera með næsta vetur, enda gefst þá betri tími til undirbúnings. Minnt skal á að fluguhnýtingakeppni snýst ekki einungis um að hnýta valdar flugur á sem listilegastan hátt, heldur er einnig keppt í hnýtingu nýrra flugna. Þess vegna er kjörið fyrir

þá er áhuga hafa á að vera með að ári að nota sumarið vel til að reyna nýjar, frumsmíðaðar flugur, því þær eru líklegri til verðlauna ef þær hafa sannað gildi sitt á veiðistað. Haustið og veturinn má síðan nota til að fínþússa flugurnar.

4. Stjórn og nefndir

Stjórn Ármanna starfsárið 2007-2008 en hún er nú þannig skipuð: Formaður er Hilmar Finnsson, varaformaður Jón Ólafur Skarphéðinsson, ritari Baldur Sigurðsson og gjaldkeri Sveinn Agnarsson. Meðstjórnendur eru Guðmundur Haukur Jónsson formaður ritnefndar, Ragnar Björgvinsson formaður veiðisvæðanefndar og Örn Daníelsson formaður húsnefndar.

Húsnefnd skipa Örn Daníelsson formaður, Ásbjörn Jónsson, Egill Örn Árnason, Einar H. Sigurðsson, Eiríkur Bjarnason, Gísli Jón Helgason og Hjálmar Sæbergsson.

Í Hlíðarvatnsnefnd eru Halldór Sigurðsson formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Bjarni M. Svavarsson og Kristján K. Haraldsson.

Ragnar Björgvinsson er formaður veiðisvæðanefndar en með honum starfa Daníel Jakob Pálsson, Tryggvi Jónasson og Úlfar Ormarsson.

Guðmundur Haukur Jónsson er formaður ritnefndar Áróðs en Ragnar Hólm Ragnarsson er ritstjóri blaðsins. Aðrir í ritnefnd eru Dagur Jónsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Skoðunarmenn Ármanna eru sem fyrr Halldór Lárusson og Sigurður Jónsson en Sigurður Benjamínsson til vara.

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport,
Veiðihöllin og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is

Svartamarkaðsbrask Ármanna

- Föstudagskvöldið 28. mars -

Næsta föstudagskvöld kl. 20 verður haldin kvöldskemmtun með nýstárlegu sniði í Árósum.

Þar verður efnt til eins konar bílskúrssölu þar sem Ármönnum gefst kostur á að koma alls konar veiðidóti í verð og eiga góða stund saman.

Vitað er að margir eiga ýmislegt sem tengist veiði í bílskúrnum hjá sér eða í geymslunni, alls konar græjur sem nýtast þeim ekki lengur en gætu sem best nýst einhverjum öðrum og jafnvel verið þeim happafengur.

Víst er að margir vilja frekar koma dótinu í verð en að láta það taka pláss í geymslunni.

Má í þessu sambandi má minna á þau fornu sannindi að gripir í geymslunni verða engum að gagni og ólíklegt er að þeir finnist aftur ef grípa á til þeirra einhvern tímann löngu seinna.

Þess vegna er best að leyfa öðrum að njóta og bjóða þessa muni fala fyrir sanngjarnt verð.

Nú skulum við léttu húmörinn og skemmta okkur saman á föstudagskvöldið kemur, 28. mars, og sjá hvort ekki vantar einhvern félagan okkar eitthvað það sem annan langar að losna við.

Komið í Árósa með veiðigræjur eða búnað sem þið teljið ykkur mega vera án.

Fjölmennum!



Mikið úrval af fluguþnytingarefni sérvælið fyrir ÁRMENN
15% áfsláttur gegn framvísun félagsskírteinis

Réttu græjurnar...

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins
Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Símar 551 6770 & 553 3380
Fax 581 3751 vesturröst@vesturröst.is

ROYAL WULFF
Fuglur



TIGOR REELS



ORVIS



Abu Garcia



www.vesturröst.is

Helstu liðir vetrardagskrár 2008

Föstudag 28. mars kl. 20.00

Svartamarkaðsbrask

Miðvikudag 2. apríl kl. 20.00

Hlíðarvatnsleiðsögn

Laugardag 19. apríl kl. 14.00

Vorblótið

Laugardag og sunnudag

26. og 27. apríl: Hlíðarvatnshreinsun.

Öll virk mánudagskvöld kl. 20:00-22:00
Skegg og skott

Hvergi meira úrval
af vönduðum
veiðibúnaði



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 – Sími 517 8050



VEIÐIHORNID
Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is